

Enso ehf.
Faxafeni 10
108 Reykjavík

1. september 2020
UST202007-268/F.K.
07.05.02

Efni: Málslok

Vísað er til bréfs dags. 30.7.2020 þar sem kynnt var eftirlit í kjölfar ábendingar og meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Enso ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu vörunnar hérlendis.

Í ljósi þess að varan *Sericol Seristrip Liquid* er ekki á markaði eins og sakir standa, gerir Umhverfisstofnun ekki kröfu um úrbætur að sinni. Aftur á móti beinir Umhverfisstofnun þeim tilmælum til Enso ehf. að merkingar *Sericol Seristrip Liquid* verði uppfærðar og bætt úr frávikum, sbr. nánari lýsingu í eftirlitsskýrslu, áður en varan verður sett á markað á ný.

Að framansögðu telst máli þessu lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var um að ræða eftirlit með *Sericol Seristrip Liquid* (1 L og 5 L) og því varða tilmæli stofnunarinnar einungis framangreinda vöru. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Enso ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Virðingarfyllst



Fífa Konráðsdóttir



Ísak Sigurjón Bragason